Ný sakamálakvikmynd í Nýja bíó:
Margir bekktir leikarar í „Dominique"

Margir góðir leikarar fara með hlutverk í kvikmyndinni „Dominique" sem Nýja bíó hóf sýningar á í gær. Hér er um sakamálamynd að ræða, sem Michael Anderson leikstýrir, en handritið er byggt á sögu eftir Harold Lawler.

Jean Simmons, sem glatt hefur áhorfendur í fjölda kvikmynda, leikur konuna, sem nafn kvikmyndarinnar er dregið af — Dominique. Hún telur að eiginmaðurinn, sem Cliff Robertsson leikur, sé að reyna að gera sig vitskerta. Loks fer svo, að hún fyrirfer sér og er jarðsett. En þá gerast ýmisir undarlegir atburðir, sem ekki er rétt að rekja hér nánar, og endalokin eru óvænt.



Cliff Robertson í „Dominique" — rak hann eiginkonuna út í sjálfsmorð til að komast yfir peninga hennar?

Endursýningar.

Venjulega er mikið um endursýndar myndir í bíóunum í desember-mánuði fram að jólum, en þá eru „jólamyndirnar" svonefndu frumsýndar. Svo verður augsýnilega einnig að þessu sinni.

Sem dæmi má nefna, að Regnboginn hóf í gær endursýningu á tveimur kvikmyndum — „Lifðu hátt og steldu miklu" í B-salnum og „Draugasögu" í C-salnum. Fyrri myndin greinir frá djörfu gimsteinaráni, og er Robert Conrad í aðalhlutverki, en hin síðarnefnda fjallar á gamansaman háttt um drauga. Meðal leikara í „Draugasögu" er Diana Dors og Laurence Naismith.


Austurbæjarbíó hóf í gær endursýningu á „Bullit", þar sem Steve McQueen leikur aðalhlutverkið. Þessi nýlátni leikari fer á kostum í þessari mynd um eltingarleik lögreglumanns í San Francisco við morðingja, en af öðrum leikurum má nefna Jaqueline Bisset, Robert Vaughn og Robert Duvall.

„Emanuelle" er endursýnd í Stjörnubíó þessa dagana, og „Í næturhitanum" í Tónabíó, en hún hlaut fimm Óskarsverðlaun á sínum tíma. Aðalhlutverk leika Sidney Poitier og Rod Steiger.


Þá hefst í Hafnarbíó í dag sýning á „Kvenholla skipstjóranum" (The Captains Paradise), sem sýnd var hér fyrir mörgum árum. Hún fjallar um skipstjóra, sem á eiginkonu í tveimur höfnum. Alec Guinness leikur aðalhlutverkið af hreinni snilld.

E.S.J.

kvikmyndir



Umsjón: Elías Snæland Jónsson.



Guðmundur Björgvinsson, myndlistarmaður, við eitt verka sinna. Vísism. GVA.

Guðmundur Björgvinsson opnar málverkasýningu

Guðmundur Björgvinsson, myndlistarmaður, opnar málverkasýningu í dag að Kjarvalsstöðum. Hann sýnir þar 55 pastelteikningar og 45 prentlita- og tússmyndir.

Sýningin stendur til mánaðamóta og verður opin daglega klukkan 2-22.

—KÞ

Hreyfilist að Kjarvalsstöðum

Bræðurnir Haukur og Hörður Harðarsynir munu frumja hreyfilist að Kjarvalsstöðum í kvöld, svo og þann 26. og 29. nóvember næstkomandi.

Haukur og Hörður ætla að túlka á sérstæðan hátt myndverk Guðmundar Björgvinssonar, myndlistarmanns. Þeir munu taka mismunandi verk fyrir á sýningunum.

Öll kvöldin hefjast sýningar klukkan 8.30.

—KÞ.

Blómasýning

Blómasýning verður haldin á morgun, sunnudag, í Borgarblómi, Grensásvegi 22. Þar gefst gestum kostur á að kynna sér alls kyns blómaskreytingar af öllum gerðum og stærðum.

Sýningin er opin milli klukkan 10 og 21.

—KÞ.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Að sjá til þín, maður!
í kvöld kl. 20.30
fimmtudag kl. 20.30
næst síðasta sinn

Rommí
25. sýn. sunnudag kl. 20.30
miðvikudag kl. 20.30

Ofvitinn
þriðjudag kl. 20.30
föstudag kl. 20.30

Miðasala í Iðnó kl. 14-20.30
Sími 16620



Í AUSTURBÆJARBÍÓI
5. sýn. sunnudag kl. 21.30

Miðasala í Austurbæjarbíói kl. 16-21.30. Sími 11384.

Nemendaleikhús Leiklistaskóla Íslands

Íslandsklukkan
eftir Halldór Laxness
17. sýning sunnudag kl. 20
18. sýning þriðjudag kl. 20
Upplýsingar og miðasala í Lindarbæ alla daga nema laugardaga frá kl. 16-19. Sími 21971.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Könnusteypirinn pólitíski
í kvöld kl. 20

Óvitar
sunnudag kl. 15 Uppselt

Smalastúlkan og útlagarnir
sunnudag kl. 20
Fáar sýningar eftir

Litla sviðið:

Dags hríðar spor
þriðjudag kl. 20.30 Uppselt
miðvikudag kl. 20.30

Miðasala 13.15-20.
Sími 1-1200

STJÖRNU BÍÓ
SÍMI 18936

Emanuelle



Hin heimsfræga franska kvikmynd sem sýnd var við metaðsókn á sínum tíma.
Aaðalhlutverk: Sylvia Kristell, Alain Guny, Marika Green. Enskt tal, íslenskur texti.
Sýnd kl. 5,7 9 og 11.
Stranglega bönnuð innan 16 ára
Nafnskírteini.

Barnasýning laugardag og sunnudag kl. 3
Sinbad og tígrisaugað
Spennandi ævintýrakvikmynd í lit. ísl. texti.

HÁSKÓLABÍÓ
Sími 22140

Í svælu og reyk



Sprenghlægileg ærslamynd með tveimur vinsælustu grínleikurum Bandaríkjanna.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

Næstu laugardaga kl. 3 mun Háskólabíó endursýna nokkrar úrvalsmyndir.

Farþegi í rigningu
Hörkuspennandi og viðburðarík thriller, og verður aðeins sýnd í þetta eina sinn
Aðalhlutverk: Charles Bronson, Marlene Jobert.
Sýnd kl. 3
Bönnuð innan 14 ára.

Sunnudagur:

Í svælu og reyk

Sýnd kl. 7 og 9

DE KALDTE HAM BULLDOZER



Jarðýtan
Bráðskemmtileg slagsmálamynd með Bud Spencer
Sýnd kl. 3 og 5.

AUSTURBÆJARBÍÓ
Sími 11384

Besta og frægasta mynd Steve McQueen

Bullitt




Hörkuspennandi og mjög vel gerð og leikin, bandarísk kvikmynd í litum, sem hér var sýnd fyrir 10 árum við metaðsókn
Aðalhlutverk:
Steve McQueen
Jacqueline Bisset
Alveg nýtt eintak.
Íslenskur texti
Bönnuð innan 12 ára
Sýnd kl. 5, 7.10 og 9.15.



Stimplagerð Félagsprentsmiðjunnar hf.
Spítalastíg 10 — Sími 11640

NÝJA BÍÓ

Dominique



Ný dularfull og kynngimögnuð bresk-amerísk mynd. 95 mínútur af spennu og í lokin óvæntur endir.
Aðalhlutverk: Cliff Robertson og Jean Simmons.
Bönnuð börnum yngri en 14 ára.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

HAFNARBÍÓ
Sími 16-444

Kvenholli skipstjórinn
Alec GUINNESS
Yvonne de CARLO · Celia JOHNSON



Bráðskemmtileg, fjörug og meinfyndin ensk gamanmynd, um fjölhæfan skipstjóra. Myndin var sýnd hér fyrir allmörgum árum, en er nú sýnd með íslenskum texta.
Sýnd kl. 5-7-9 og 11.